

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Vallakór 1-3. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 10. ágúst 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Vallakór 1-3. Í tillögunni felst að fyrirhugað fjölbýlishús á lóðinni verður 4 hæða í stað 2 og 3 hæða. Íbúðum er fjölgað úr 15 íbúðum í 24 íbúðir. Bílastæðum er fjölgað um 18 og hluti þeirra verður í bílgeymslu neðanjarðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 3. október 2006.

Smári Smárason skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2006